



Laufskálahátíð

Laufskálahátíðin eða sukkot er þakkarhátíð og haldin að hausti og stendur í níu daga. Hér áður fyrr var algengt að fjölskyldurnar svæfu úti á ökrunum meðan á haustuppskerutímabilinu stóð og gátu menn því unnið lengur og gætt uppskerunnar.

Með þessari hátíð er einnig minnst 40 ára veru Ísraelsmanna í eyðimörkinni. Reistir eru litlir skálar úr



Haustuppskerutímabilið er tímabil á haustin þegar korn, ákvextir og önnur uppskera jarðar er tilbúin.

Lauftré er tré sem ber lauf og fellir þau því að hausti. **Barrtré** eru hinsvegar græn allan ársins hring.

Lögmálið eða Tóra er helsti trúartexti gyðingdóms en það samanstendur af Mósebókunum fimm.

lauftrjám við heimilin og sýnagógurnar. Fjölskyldurnar reyna að eyða sem mestum tíma í laufskálunum meðan á hátíðinni stendur. Börnin taka fullan þátt í hátíðinni og mikil gleði og fögnuður fylgir henni.

Á áttunda degi lýkur henni svo með lestri upp úr lögmálinu Tóra. Þá lýkur lestri á síðasta kafla lögmálsins og byrjað er á upphafi lögmálsins með því að lesa fyrsta kafla í 1. Mósebók. Hægt er að lesa meira um Tóra í kaflanum *Kennisetningar og reglur > Helgirit*.

Spurningar

1. Hvenær er laufskálahátíðin haldin?
2. Hvað stendur hátíðin í marga daga?
3. Hvers er verið að minnast með hátíðinni?
4. Hvað gerir fjölskyldan á laufskálahátíðinni?